

Ich bin wütend. Ethik und Moral sind Fremdwörter genau derer, die diese Krise verursacht haben, und auch derer, die eine transparente Aufklärung bis heute verweigern.

**Ég er bálreiður. Siðfræði og siðferði eru orð sem einmitt þeir sem orsökuðu krep-puna skilja ekki og ekki heldur þeir sem tregðast fram á þennan dag við að up-plýsa málin.**

Die deutsche Finanzaufsicht fordert am 08. Oktober frisches Geld von Kaupthing. Dieses Geld wird von der DZ Bank, dem deutschen Vertragspartner der Kaupthing, gepfändet. Die deutsche Finanzaufsicht hat das nicht verhindert.

**Þýska fjármálaeftirlitið krafðist þess þann 8. október að Kaupthing útvegaði sér meira lausafé. Þessa peninga haldlagði síðan DZ-Bankinn, þýskur viðskiptabanki Kaupþings. Þýska fjármálaeftirlitið kom ekki í veg fyrir þetta.**

Die deutsche Politik hat die strittige Pfändung unserer Gelder durch die DZ Bank nicht einmal kritisiert.

**Þýsk stjórnvöld hfa ekki einu sinni gagnrýnt þessa umdeildu haldlagningu DZ-bankans á peningum okkar.**

Kaupthing meint das Geld gehört uns. Wir meinen das auch.

**Kaupþing telur að við eigum þessa peninga. Það teljum við líka.**

Auf unserem Rücken wird dieser Streit monatelang ausgetragen. Schon längst könnten wir ausgezahlt worden sein. Beispiel Österreich oder Finnland, dort ging es schnell und es wurden auch die Zinsen gezahlt. Weshalb nicht bei uns?

**Þessi togstreita hefur staðið mánuðum saman, á kostnað okkar. Það hefði verið hægt að gera upp við okkur fyrir löngu. Í Austurríki og Finnlandi gekk það hratt fyrir sig og þar voru vextir líka greiddir. Hversvegna ekki hjá okkur?**

Ich bekomme meine Einlagen zurück. Und dafür bin ich sehr dankbar.

**Ég mun fá til baka það sem ég lagði inn. Og ég er þakklátur fyrir það.**

Doch Kaupthing will jetzt Zinsen nur bis Oktober zahlen.

**En nú vill Kaupþing einungis greiða vexti til október.**

Ich muß meine Schulden auch bezahlen, die Bank soll das auch.

**Ég kemst ekki upp með það að borga ekki skuldir mínar, bankinn ætti ekki að geta það heldur.**

Wenn wir jetzt nicht kämpfen, dann geben wir das Geld genau denen, die uns dahin gebracht haben, wo wir jetzt stehen: An den Rand des Abgrundes.

**Ef við ekki berjumst núna, þá afsölum við peningunum einmitt til þeirra sem hafa hrakið okkur að barmi þess hyldýpis, þar sem við nú stöndum.**

Ich freue mich für die isländische Bevölkerung, denn unsere Rückzahlung kostet, anders als Icesave, den isländischen Steuerzahler nichts. Die Bank zahlt zurück.

**Ég gleðst með íslensku þjóðinni yfir því að gagnstætt Icesave-dæminu mun upp-gjör við okkur ekki kosta íslenska skattgreiðendur neitt. Bankinn greiðir til baka.**

Ich verlange Gleichbehandlung. Wir dürfen nicht schlechter gestellt werden als Sparer in anderen Ländern.

**Ég fer fram á jafnræði. Það gengur ekki að við séum verr sett en sparifjáreigendur í öðrum löndum.**

Eine Insolvenz kann Jahre dauern. Danach bekommen wir vielleicht einen kleinen Teil der Zinsen. Ich möchte nicht so lange warten. Ich möchte die isländische Bevölkerung direkt unterstützen.

**Greiðslustöðvun getur staðið árum saman. Eftir það fengjum við hugsanlega einhvern hluta af vöxtunum. Ég vil ekki bíða svo lengi. Og mig langar til að láta eitthvað af hendi rakna til íslensku þjóðarinnar.**

Ich mache den Anfang und sage: Ich spende meine Zinserträge. Ich gebe alle meine Zinsen, die jetzt nicht ausgezahlt werden sollen, an eine soziale Organisation in Island, die sich um die Bürger kümmert, die sich durch die Finanzkrise in Not geratenen Bürger annimmt. Es darf nicht solange dauern bis die Bank insolvent ist!

**Þessvegna stíg ég fram og segi: Ég skal gefa vextina mína. Vaxtatekjur mínar, sem ekki stendur til að greiða út núna, gef ég til einhverrar íslenskrar góðgerðarstofnunar, sem nú sinnir fólki sem líður skort vegna kreppunnar. Það má ekki bíða þar til greiðslustöðvuninni lýkur!**

Helft euch, helft uns! Helft daß es eine rasche Lösung gibt. Eine Lösung die uns nicht benachteiligt.

**Hjálpíð ykkur, hjálpíð okkur. Hraðið því að leysa málið, með lausn sem ekki mismunar okkur.**

Helft eine gesetzliche Regelung zu finden die das möglich macht.

**Hjálpíð með því að finna lagalegan grundvöll fyrir því að þetta sé hægt.**

Oder helft die Gläubiger zu überzeugen, uns den Vorrang zu gewähren.

**Eða með því að sannfæra skuldareigendurna um að þeir eigi að gefa okkur forgang.**